

## **Bókun Framsóknar og frjálsra vegna framlagningu ársreiknings Akraneskaupstaðar 2023, 14. maí 2024**

Bæjarfulltrúar Framsóknar og frjálsra fagna því að Akraneskaupstaður sé að skila jákvæðri rekstrarniðurstöðu fyrir árið 2023 og gott betur en rekstrarárið 2022.

Það er hins vegar mikið áhyggjuefni að sá viðsnúningur sé að miklu leyti tilkominn vegna fjármagnsliða og einskiptingstekna. Það er því ljóst að séu þessir liðir teknir út er rekstur kaupstaðarins neikvæður og því miður ekki sjálfbær, þar sem gjaldavöxtur sveitarfélagsins er hærri en tekjuöflunin.

Um 197 m.kr koma til vegna eignasölu á milli Fasteignafélags Akraness og eignasjóðs og er því einungis um bókhaldslegan hagnað að ræða.

Við afgreiðslu ársreiknings 2022 voruðu bæjarfulltrúar Framsóknar og frjálsra við þeirri þróun í rekstri Akraneskaupstaðar að vöxtur útgjalda væri umfram vöxt tekna. Á þessu ári má sjá jákvæð merki um viðsnúning en betur má ef duga skal.

Ljóst er að bregðast verður hratt við þessum mikla útgjaldavexti ef ekki á að koma til skerðingar á þjónustu við íbúa og uppbyggingu sveitarfélagsins því að við sem hér sitjum hér inni, lýðræðislega kjörin, berum ábyrgð á framtíð sveitarfélagsins og árangri þess.

Jákvæða hliðin hér er að vinna er hafin með KPMG og bera bæjarfulltrúar Framsóknar og frjálsra miklar væntingar til framþróunar hennar. Við þurfum að horfa á alla liði rekstrarins, stóra sem smáa og ná háleitum markmiðum strax á þessu ári. Markmiðin okkar í þessari vinnu þurfa að vera skýr og mælanleg ásamt því þarf að ríkja sátt og samvinna í gegnum hana hjá öllum hagsmunaaðilum.

Það er verk að vinna kæru bæjarfulltrúar. Við hjá Framsókn og frjálsum erum klár í þessa samvinnu með meirihlutanum og leggja okkar af mörkum til að tryggja sjálfbæran og stöðugan rekstur sveitarfélagsins.

Ragnar Sæmundsson

Ragnar Sæmundsson

Liv Aase Skarstad

Liv Aase Skarstad

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir.